

Júní 2022 Matseðill og ýmsir viðburðir

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Vika 43				
30 maí	31 maí	1 Litlar kjötbollur, hrísgrjón, súrsæt sósa og melónur	2 Mango chutney fiskur með hrísgrjónum, salatblanda	3 Gúlassúpa, rjómaostur, nýbakað brauð og smjör
Vika 44				
6 Annar í hvítasunnu Lokað	7 Starfsdagur Lokað	8 Tortillur, kjúklingur, sósur og ferskt grænmeti	9 15:00-16:00 Foreldrakaffi 16:00-17:30 Sumarhátíð Steiktur fiskur, kartöflur, gulrótarsalat og heimatilbúið remúlaði	10 Makkarónugrautur, slátur, brauð og álegg
Vika 45				
13 Steiktur kjötfarsbollur, brún sósa, rabbabarasulta, baunir og kartöflur	14 Reykjarhólsdagur Grillaðar pylsur	15 Hatta- og sólgleraugnadagur Lasagne, kartöflur, hvítlauksbrauð og melónusalat	16 Fiskur með karrý og ananas. Kartöflur og salat	17 Lýðveldisdagurinn Lokað
Vika 46				
20 Kindabjúgu, kartöflur, jafningur, grænar baunir og rauðkál	21 Fiskinaggar, heimatilbúið hrásalat og hrísgrjón	22 Hakkabuff með karamelluseruðum lauk, rjómasósu og grænmeti	23 Soðin fiskur, kartöflur, rúgbrauð, tómatar og gúrka	24 Pylsupasta, heimabakað brauð og smjör. Perubitar
Vika 47				
27 Lambagúllas, hrísgrjón og steikt grænmeti	28 Fiskibollur, kartöflur, karrýsósa og ferskt salat	29 Hamborgari, franskur, grænmeti og sósur	30 Skyr, heitt brauð og ávextir	1 júlí

Lokunardagar í júní

Mánudagur 6. júní - Annar í hvítasunnu

Priðjudagur 7. júní - Starfsdagur

Fimmtudagur 17. júní - Þjóðhátíðardagurinn

Starfsdagur

Priðjudag 7. júní verður leikskólinn lokaður vegna starfsdags. Unnið verður að ýmsu skipulagi og endurmati í skólanum og síðan mun starfsfólkið kynna sér aðstæður í leikskólunum Ársölum, eldra stigi, og Tröllaborg á Hofsósi.

Foreldrakaffi og sumarhátíð fimmtudag 9. júní

Loksins er komið að því að við getum boðið foreldrum í kaffi til okkar. Það er fimmtudaginn 9. júní kl 15:00-16:00. Þá verður kaffihúsastemming á öllum deildum og við vonumst til að sem flestir foreldrar sjái sér fært að koma og spjalla við okkur og þiggja veitingar. Í beinu framhaldi af foreldrakaffinu verður síðan sumarhátíð foreldraféagsins kl 16:00-17:30 í garðinum við Birkilund. Öll börn sem verið hafa í leikskólanum í vetur og fjölskyldur þeirra eru velkomin á hátíðina. Boðið verður upp á léttar veitingar og eitthvað fjör fyrir börnin.

Reykjarhólsdagur

Stefnt er að því að ganga á Reykjarhólinn eða í Reykjarhólnum 14. júní, ef veðrið er hagstætt. Tekið verður með nesti og leikið í skóginum eða nágrenni hans. Grillaðar pylsur verða borðaðar við Varmahlíðarskóla áður en haldið verður aftur í leikskólann.

Hatta- og sógleraugnadagur

Við vonumst til þess að þennan dag verði veðrið þannig að sérstök ástæða sé til að koma með sógleraugu og sólhatt, skyggnishúfu eða eitthvað álíka.

Flutningur milli deilda

Flutningur milli deilda fer fram í upphafi starfsársins. Foreldrar munu sjá um aðlögun af Reynilandi á Kvistaland og fá áætlun um hvernig gert er ráð fyrir að það gangi fyrir sig. Börn sem flytja af Kvistalandi á Könglaland mæta á Könglaland eftir sumarfrí. Foreldrum er boðið að vera með barninu fyrsta klukkutímann á Könglalandi til þess að þeir geti hitt starfsfólk, kynnst starfi deildarinnar og leitað sér upplýsinga um það sem þeim finnst óljóst eða framandi.

Sumarlokun

Föstudag 8. júlí lokum við kl 12:00 og börnin fara í sumarfrí. Eftir hádegisþing mun starfsfólkið ganga frá deildunum áður en fríið þeirra hefst. Opnað verður aftur miðvikudag 17. ágúst. Mánudagur 15. ágúst er hálfur skipulagsdagur og hálfur dagur í standsetningu (til þess að starfsfólki gefist kostur á koma deildum í stand aftur áður en tekið er á móti börnunum). Priðjudagur 16. ágúst er fræðsludagur, sem skipulagður er af fræðsluþjónustu Skagafjarðar fyrir starfsfólk leik-, grunn, tónlistar- framhalds- og farskóla héraðsins.

Ofnæmi/óþol

Margir eru með ofnæmi/óþol og því viljum við biðja fólk að forðast að bera með sér óhreini/sterka lykt í leikskólann.